

Fimmtudaginn 28. apríl 1994.

Nr. 60/1994.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Arnari Hjartarsyni

(Páll Arnór Pálsson hrl.)

Refsiákvörðun. Skjalafals. Fjársvik. Þjófnaður. Gripdeild.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Hjörtur Torfason og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttar-dómari.

Ákærði áfrýjaði tveimur dómum Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðnum 17. nóvember og 15. desember 1993, einvörðungu um ákvörðun viðurlaga, sbr. 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Ákærvaldið áfrýjaði með áfrýjunarstefnum 11. janúar 1994 og krefst þyngingar á samanlagðri refsíákvörðun beggja hinna áfrýjuðu dóma, en samkvæmt þeim var ákærði dæmdur til að sæta fangelsi 2 ár og 3 mánuði.

Málin hafa verið sameinuð og voru flutt í einu lagi fyrir Hæstarétti.

Með hliðsjón annars vegar af ungum aldri ákærða og hreinu sakavottorði, en hins vegar af fjölda og umfangi brota hans, sem hann hefur ekki bætt fyrir, þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 20 mánuði. Til frádráttar refsingunni skal koma 28 daga gæsluvarðhaldsvist ákærða.

Dæma ber ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Arnar Hjartarson, sæti fangelsi í 20 mánuði. Til frádráttar refsingunni komi 28 daga gæsluvarðhaldsvist ákærða.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 17. nóvember 1993.

Ár 1993, miðvikudaginn 17. nóvember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sverri Einarssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 673/1993: Ákærvaldið gegn Arnari Hjartarsyni, sem tekið er til dóms samdægurs.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 2. nóvember sl., á hendur ákærða, Arnari Hjartarsyni, Jörfabakka 18 í Reykjavík, fæddum 11. janúar 1975, fæðingarnúmer 442.

Í ákærunni segir, að málið sé höfðað á hendur ákærða, „fyrir eftirgreind hegningarlagabrot, framin í Reykjavík, nema annars sé getið, á árunum 1992 og 1993:

I.

Skjalafals.

Í mars 1992 notað í viðskiptum eftirtalda 7 falsaða tékka til handhafa á eyðublöðum úr tékkhefti Kolbrúnar Sveinsdóttur, Sólvallagötu 18, móður ákærða, á reikning nr. 11077 við Íslandsbanka hf., Kringlunni, sem ákærði stal á heimili þeirra og falsaði nafn Kolbrúnar Sveinsdóttur sem útgefanda tékkanna.

II.

Skjalafals.

Í júlí 1992 notað í viðskiptum eftirtalda 18 falsaða tékka til handhafa, alla að fjárhæð kr. 6.500, á eyðublöðum úr tékkhefti Steinunnar Halldórsdóttur, Laugavegi 135, á gullreikning nr. 51337 við Búnaðarbanka Íslands, aðalbanka, sem stolið var úr bifreið Steinunnar. Ákærði falsaði nafn Steinunnar Halldórsdóttur sem útgefanda tékkanna.

Framanlýst háttsemi ákærða samkvæmt köflum I og II telst varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

III.

Þjófnaður.

Aðfaranótt föstudagsins 11. september 1992 stolið Motorola Associate 2000 farsíma úr pallbifreiðinni DD 953 við Hagamel (RLR-mál nr. 3434/92).

Telst þetta varða við 1. mgr. 244. gr. almennra hegningarlaga.

Gripdeild.

Í mars 1993 tvívegis tekið bensín fyrir kr. 3.000 í hvort skipti á bifreið sína R-582 af gerðinni BMW og ekið burt í auglýsni starfsmanna stöðvanna, án þess að greiða fyrir bensínið, í fyrri skiptið 27. mars um kl. 20.50 á bensínstöð Esso við Skógarsel og síðara skiptið 29. mars um kl. 18.30 á bensínafgreiðslu Skeljungs við Suðurströnd á Seltjarnarnesi. (RLR-mál nr. 1251 og 1238/93.)

Telst þetta varða við 245. gr. almennra hegningarlaga.

V.

Skjalafals.

Í apríl 1993 notað í viðskiptum eftirtalda 22 falsaða tékka til handhafa á eyðublöðum úr tékkhefti Ingigerðar Þorsteinsdóttur, Jörfabakka 22, á gullreikning við Búnaðarbanka Íslands, aðalbanka, sem ákærði stal úr Daihatsu Charade-bifreið Ingigerðar, nr. R-9460, fyrir utan heimili hennar aðfaranótt 19. apríl. Ákærði útfyllti eyðublöðin og falsaði nafnritunina Ólafur H. Magnússon sem útgefanda tékkanna.

— — —

Háttsemi ákærða samkvæmt kafla V telst varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

VI.

Tilraun til þjófnaðar.

Aðfaranótt föstudagsins 28. maí 1993 brotist inn í bifreiðina JM-233 og verið að reyna að ná sambyggðu Pioneer-útvarps- og kassettutæki úr festingum í mælaborði bifreiðarinnar er lögreglumenn komu á staðinn og handtóku ákærða. (RLR-mál nr. 2146/93.)

Telst þetta varða við 1. mgr. 244. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga.

VII.

Skjalafals.

Í maí 1993 notað í viðskiptum eftirtalda 8 falsaða tékka til handhafa á eyðublöðum úr tékkhefti Sigríðar Helgu Sigurðardóttur, Hraunási 12, Hellissandi, á einkareikning hennar við Landsbanka Íslands, Hellissandi, sem ákærði komst yfir með ólögumætum hætti. Ákærði falsaði ýmis nöfn sem útgefendur tékkanna.

— — —

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Skjalafals.

Í júní og júlí 1993 notað í viðskiptum eftirtalda 4 tékka, stílaða á Daða Þorsteinsson, á eyðublöðum úr tékkhefti á gullreikning Þorsteins M. Kristjánssonar, Kjarrhólma 8, Kópavogi, nr. 50980 við Búnaðarbanka Íslands, Háaleitisútibú, sem ákærði komst yfir með ólögmætum hætti. Ákærði falsaði nafn Þorsteins M. Kristjánssonar sem útgefanda og nafnritun Daða Þorsteinssonar sem framseljanda tékkanna.

— — —

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

IX.

Skjalafals.

Í júní 1993 notað eftirtalin skjöl til þess að blekkja með þeim í lögskiptum, eftir að hafa falsað á skjölin nafnritanir sem hér greinir:

1. Skuldabréf nr. 81027, að fjárhæð kr. 121.000, til Búnaðarbanka Íslands, út gefið af ákærða 3. júní 1993. Á skuldabréfið falsaði ákærði nöfn Brynjólfs Jónssonar og Láru Hafliðadóttur sem sjálfskuldarábyrgðaraðila og nöfn Hjartar Ö. Hjartarsonar og Hrefnu Hrólfsdóttur tvívegis sem votta og seldi bréfið í Búnaðarbanka Íslands, Kringluútibúi, 15. júní.
2. Víxil að fjárhæð kr. 38.000, út gefinn 15. júní 1993, til greiðslu 1. september 1986, samþykktan af ákærða. Á víxilinn falsaði ákærði nafn Brynjólfs Jónssonar sem útgefanda og seldi víxilinn samdægurs í Búnaðarbanka Íslands, Kringluútibúi. (RLR-mál nr. 2825/93.)

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

X.

Skjalafals.

Í júlí 1993 notað í viðskiptum eftirtalda tvo falsaða tékka til handhafa á eyðublöðum úr tékkhefti Unnar K. Hilmarsdóttur, Sólvallagötu 1, á tékka-reikning hennar við Íslandsbanka, Lækjargötu 12, sem ákærði stal úr bifreið Unnar aðfaranótt 19. júlí 1993.

— — —

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

XI.

Skjalafals.

Í júlí 1993 notað í viðskiptum eftirtalda 7 falsaða tékka á eyðublöðum úr tékkhefti á gullreikning Ómars Sigtryggssonar, Hrísteigi 8, nr. 912 við Búnaðarbanka Íslands, Háaleitisútibú, sem ákærði komst yfir með ólög-

mætum hætti. Ákærði falsaði nafn Ómars Sigtryggssonar sem útgefanda og nafn Sigurðar S. Nikulássonar sem framseljanda tékkanna.

— — —

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

XII.

Þjófnaður.

19. júlí 1993 tekið kr. 15.000 út úr tékkareikningi Björns M. Sigurjónssonar, nr. 7913 við Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis, Skólavörðustíg 11, með því að nota hraðbankakort sem var í seðlaveski sem ákærði stal úr bifreið Björns aðfaranótt 19. júlí 1993. (RLR-mál nr. 2868/93.)

Telst þetta varða við 1. mgr. 244. gr. almennra hegningarlaga.

Skjalafals.

Sama dag framvísað til sölu í SPRON við Skólavörðustíg tveimur eftirtöldum tékkum á áðurnefndan tékkareikning Björns M. Sigurjónssonar nr. 7913, eftir að hafa falsað nafn Björns sem útgefanda tékkanna, en tókst ekki að selja tékkana, þar sem innstæða var ekki næg á tékkareikningnum.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

XIII.

Þjófnaður.

Aðfaranótt 22. júlí 1993 stolið úr bifreið Karls Ómars Aspelund, skrásetningarnúmer HE-AE-2043, þar sem hún stóð í innkeyrslu við heimili Karls Ómars að Hávallagötu 47, myndavélatösku, sem í var Canon T-90-myndavél með aðdráttarlinsu, leifturljós og filmur og Philips diktafón, samtals að verðmæti um 100.000 krónur. (RLR-mál nr. 2903/93.)

Telst þetta varða við 1. mgr. 244. gr. almennra hegningarlaga.

XIV.

Fjársvik.

Pann 28. júlí 1993 innritað sig á Hótel Óðinsvé, Þórsgötu 1, undir nafninu Páll S. Erlendsson og verið gestur á hótelinu til 4. ágúst 1993 er upp komst og lögreglan handtók ákærða. Pennan tíma naut ákærði gistingar, veitinga og þjónustu á hótelinu fyrir samtals kr. 95.450, sem hann ætlaði aldrei að greiða enda var ákærða fullkomlega ljóst að hann hafði enga möguleika á að greiða þessa skuld við hótelið. (RLR-mál nr. 3059/93.)

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Eftirtaldir aðilar hafa gert þær kröfur, að ákærði verði dæmdur til að greiða þeim skaðabætur sem hér greinir:

Með skýlausri játningu ákærða, sem er í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu, er sannað, að ákærði hefur gerst sekur um það, sem honum er gefið að sök í ákæru og þar er rétt fært til refsíákvæða. Ritvilla í 2. tl. IX. kafla ákæru, þar sem misritast hefur 1986 í stað 1993 í gjalddaga víxilsins, skiptir ekki máli um sök ákærða, sbr. 1. tl. 117. gr. laga nr. 19/1991.

Samkvæmt vottorði frá Sakaskrá ríkisins hefur ákærði ekki áður sætt refsingum, svo að kunnugt sé.

Við ákvörðun refsingar ákærða verður höfð hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga og jafnframt því, að brot ákærða eru mörg og stórfelld. Með hliðsjón af þessu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 1 ár, en vegna ungs aldurs ákærða og þess, að hann hefur ekki áður gerst brotlegur við lög, þykir mega ákveða, að fresta skuli fullnustu 9 mánaða af refsingu hans og niður skuli sá hluti hennar falla að 3 árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. tl. 165. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Arnar Hjartarson, sæti fangelsi í 1 ár, en fresta skal fullnustu 9 mánaða af refsingunni og niður skal sá hluti hennar falla að 3 árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði greiði eftirtöldum aðilum í Reykjavík, nema annars sé getið, í bætur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989, til greiðsludags eins og hér segir:

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 15. desember 1993.

Ár 1993, miðvikudaginn 15. desember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sverri Einarssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 769/1993: Ákæruvaldið gegn Arnari Hjartarsyni, sem tekið er til dóms samdægurs.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 7. desember sl., á hendur ákærða, Arnari Hjartarsyni, Jörfabakka 18 í Reykjavík, fæddum 11. janúar 1975, fæðingarnúmer 442.

Í ákæru segir, að málið sé höfðað á hendur ákærða „fyrir eftirgreind hegningarlagabrot, framin á árinu 1993 í Reykjavík, nema annað sé tekið fram:

I.

Skjalafals.

Í júlí notað í viðskiptum eftirtalda 3 falsaða tékka á stolnum eyðublöðum úr tékkhefti við Búnaðarbanka Íslands, Háaleitisútibú, sem ákærði hafði falsað á nafnritun Ómars Sigtryggssonar sem útgefanda. Allir eru tékkarnir með reikningsnúmeri 912:

1. Nr. 6032335, kr. 30.000,00, dagsettur 7.7. 1993, til Sigurðar Nikulássonar. Seldur í Búnaðarbanka Íslands, Miðbæjarútibúi. Ákærði falsaði jafnframt nafnritun Sigurðar S. Nikulássonar sem framseljanda tékkans.
2. Nr. 6032337, kr. 500,00, dagsettur 8.8. 1993, til handhafa. Notaður til kaupa á vörum og þjónustu hjá Olís, Klöpp.
3. Nr. 6032344, kr. 6.000,00, dagsettur 7.7. 1993, til handhafa. Notaður til kaupa á vörum og þjónustu hjá Olís, Klöpp. Ákærði falsaði jafnframt nafnritun Sigurðar S. Nikulássonar sem framseljanda tékkans. (RLR-mál nr. 3567/93.)

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II.

Fjársvik.

Pann 23. ágúst innritað sig á Sjómannahéimilið Örkina, Brautarholti 29, undir nafninu Grétar Þórhallsson og sagst vera starfsmaður Slippstöðvarinnar á Akureyri, gefið framkvæmdastjóra heimilisins upp gjaldalið þann sem færa átti kostnaðinn á hjá fyrirtækinu, notið gistingar, veitinga og þjónustu á sjómannaheimilinu til 2. september er ákærði yfirgaf héimilið og óskaði þá jafnframt eftir að Slippstöðinni yrði sendur reikningurinn, að fjárhæð kr. 56.260,00, sem hann hafði aldrei ætlað sér að greiða. (RLR-mál nr. 4405/93.)

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga.

III.

Fjársvik.

Þann 2. september hringt í Bílaleiguna Geysi, Dugguvogi 10, kynnt sig sem Ásgeir Guðbjartsson, starfsmann Kaupfélags Eyfirðinga á Akureyri, og óskað eftir að taka á leigu bifreið fyrir félagið og fengið skömmu síðar jeppabifreiðina KJ-146 afhenta á leigu í nafni kaupfélagsins á umbeðnum stað í Stigahlíð, þar sem ákærði falsaði nafnritun Ásgeirs Guðbjartssonar undir leigusamninginn, og hafði ákærði bifreiðina í umsjá sinni allt til 16. þess mánaðar, að starfsmenn bílaleigunnar tóku hana úr vörslum hans, þar sem hún stóð við Hótel Mar í Brautarholti. Þennan tíma hafði ákærði full afnot bifreiðarinnar og ók henni 648 km og nam leigugjaldið kr. 174.687,00 sem ákærði ætlaði sér aldrei að greiða, enda var honum fullkomlega ljóst, að hann hafði enga möguleika á að greiða skuld þessa við bílaleiguna. (RLR-mál nr. 4326/93.)

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga.

IV.

Fjársvik.

Í september svikið út vörur í bókabúð Máls og menningar, Laugavegi 18, svo sem hér greinir og kvittaði ákærði ávallt fyrir móttöku varanna með nafninu Emil:

1. Þann 2. september tekið út ritföng í nafni Náttúrulækningafélags Íslands, Laugavegi 20B, að fjárhæð kr. 2.239,00, og látið skuldfæra á reikning félagsins.
2. Þann 12. september hringt og stofnað reikning í nafni Almennu lögfræðiskrifstofunnar, Suðurlandsbraut 4A, og síðan farið í verslunina og tekið út ritföng og tímarit í nafni skrifstofunnar, að fjárhæð kr. 2.129,00, og látið skuldfæra á reikninginn.
3. Þann 15. september tekið út bók í nafni Náttúrulækningafélags Íslands, að fjárhæð kr. 5.689,00, og látið skuldfæra á reikning félagsins. (RLR-mál nr. 4561/93.)

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga.

V.

Fjársvik.

Á tímabilinu 8.–15. september í þrjú skipti svikið út vörur í versluninni Brynju, Laugavegi 29, með því að taka þær út í nafni Náttúrulækningafélags Íslands, láta skuldfæra á reikning félagsins og kvitta fyrir móttöku þeirra:

1. þann 8. september, að fjárhæð kr. 6.150,00,
2. þann 9. september, að fjárhæð kr. 3.890,00,

3. þann 15. september, að fjárhæð kr. 16.744,00. (RLR-mál nr. 3590/93.)
Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga.

VI.

Skjalafals.

Þann 10. september notað í viðskiptum í Blómabúð Garðabæjar, Kirkjulundi 19 þar í bæ, tékka nr. 6052062 á stolnu eyðublaði úr tékkhefti við Búnaðarbanka Íslands, Háaleitisútibú, að fjárhæð kr. 19.000,00 dagsettan 1.9. 1993, með reikningsnúmeri 50980, og falsaði ákærði nafnritun Þorsteins M.K. sem útgefanda og nafnritun Daða Þorsteinssonar sem framseljanda tékkans. (RLR-mál nr. 3575/93.)

Telst þetta varða við 1. gr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

VII.

Fjársvik.

Þann 16. september hringt á Bílaleigu Flugleiða við Flugvallarveg, kynnt sig sem Hermann Jónsson, óskað eftir bíl á leigu fyrir Útgerðarfélag Akureyringa hf., látið starfsmann leigunnar sækja sig að Húsi verslunarinnar í Kringlunni, farið með honum í afgreiðslu bílaleigunnar, tekið þar á leigu bifreiðina NG-694 af Mitsubishi Pajero-gerð í nafni útgerðarfélagsins til 23. september, gefið upp nafn, heimilisfang og kennitölu Hermanns Jónssonar, kt. 170970-3929, og falsað nafnritun hans undir leigusamning. Ákærði hringdi þann 23. september í bílaleiguna undir nafni Hermanns Jónssonar og fékk leigusamninginn framlengdan til 30. sama mánaðar, og var bifreiðin í umsjá ákærða allt þar til hann skildi hana eftir við Úthlíð 10 um miðjan október þar sem hún fannst þann 14. þess mánaðar. Þennan tíma hafði ákærði full afnot bifreiðarinnar og ók henni 4.250 km og nam leigugjaldið kr. 489.772,00 sem ákærði hafði aldrei ætlað sér að greiða, enda var honum fullkomlega ljóst, að hann hafði enga möguleika á að greiða skuld þessa við bílaleiguna. (RLR-mál nr. 4005/93.)

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga.

VIII.

Fjársvik.

Á tímabilinu 17.–22. september sjö sinnum svikið út vörur í verslun Húsasmiðjunnar hf., Skútuvogi 16, með því að stofna reikning í nafni Guðmundar Jónassonar hf., taka út vörur í nafni fyrirtækisins, láta skuldfæra upphæðina á reikninginn og kvitta fyrir móttöku varanna með tilbúnum nöfnum. Vörunum fékk ákærði síðan skipt fyrir peninga í verslun Húsasmiðjunnar hf. að Helluhrauni 16 í Hafnarfirði:

1. þann 17. september vörur að fjárhæð kr. 5.048,00,

2. sama dag vörur að fjárhæð kr. 7.244,00,
3. þann 20. september vörur að fjárhæð kr. 13.328,00,
4. sama dag vörur að fjárhæð kr. 5.464,00,
5. þann 21. september vörur að fjárhæð kr. 4.064,00,
6. sama dag vörur að fjárhæð kr. 4.064,00,
7. þann 22. september vörur að fjárhæð kr. 8.861,00.

(RLR-mál nr. 4334/93.)

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga.

IX.

Fjársvik.

Í september og október svikið út vörur í verslunum BYKO hf. með því að taka þær út í nafni bæjarsjóðs Seltjarnarness, láta skuldfæra fjárhæðina á reikning sjóðsins og kvitta fyrir móttöku varanna með nafninu Guðmundur:

1. þann 24. september svikið út vörur að fjárhæð kr. 7.764,00 í versluninni að Hringbraut 120,
2. þann 29. september svikið út vörur að fjárhæð kr. 14.037,00 í sömu verslun,
3. þann 1. október svikið út vörur að fjárhæð kr. 9.729,00 í versluninni að Skemmuvegi 4A í Kópavogi. (RLR-mál nr. 4164/93.)

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga.

X.

Fjársvik.

Þann 3. október innritað sig á gistiheimilið Gisti-Inn, Sóleyjargötu 11, undir nafninu Hermann Jónsson og verið þar gestur til 20. sama mánaðar er ákærði yfirgaf heimilið og óskaði eftir því að reikningur vegna dvalarinnar yrði sendur Útgerðarfélagi Akureyrar og kvaðst hann vera sonur Jóns Aspar, framkvæmdastjóra félagsins. Þennan tíma naut ákærði gistingar, veitinga og þjónustu á gistiheimilinu fyrir samtals kr. 68.130,00 sem hann ætlaði sér aldrei að geiða. (RLR-mál nr. 4272/93.)

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga.

XI.

Fjársvik.

Mánudaginn 18. október 1993 svikið út vörur, að verðmæti kr. 54.760,00, með því að fara í verslunina Gæja, Bankastræti 12, velja þar fatnað og sólgleraugu, óska eftir því að vörurnar yrðu sendar í póströfu til Halldórs Þorsteinssonar, b/t Útgerðarfélags Akureyrar, og fara síðan í pósthúsið við Ármúla að undangengnum símtölum við starfsmenn þar, kynnt sig sem

starfsmann verslunarinnar, fengið að skipta á póströfupökkum með þeirri skýringu, að rangur pakki hefði verið sendur frá versluninni, og fengið vörurnar þannig afhentar. (RLR-mál nr. 4213/93.)

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga.

XII.

Fjársvik.

Pann 20. október innritað sig á gistiheimilið Baldursbrá, Laufásvegi 41, undir nafninu Haraldur Bjarnason og dvalist þar til 29. sama mánaðar, er ákærði var handtekinn vegna grunsemda eigandans, og notið gistingar og þjónustu á heimilinu fyrir samtals kr. 24.844,00 sem hann ætlaði sér aldrei að greiða. (RLR-mál nr. 4238/93.)

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga.

XIII.

Skjalafals.

Pann 22. október framvísað í Búnaðarbankanum, Vesturgötu 54, víxli að fjárhæð 130.000,00, dagsettum 22. október 1993, með gjalddaga sama dag, sem hann hafði falsað á nafnritun Jóns Péturs Friðrikssonar, kt. 280967-3009, sem greiðanda og samþykkjanda og nafnritun Sigurðar E. Rósar, kt. 130848-4359, sem útgefanda, auk framsals nefnds Sigurðar á bakhlið víxilsins, og nafnritun Ingibjargar Valsdóttur, kt. 300362-4789, sem ábekings. (RLR-mál nr. 4118/93.)

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

XIV.

Fjársvik.

Pann 31. október innritað sig á gistiheimilið Ísafold, Bárugötu 11, undir nafninu Haraldur S. Lúðvíksson og dvalist þar til 4. nóvember, er ákærði yfirgaf heimilið án þess að greiða fyrir gistinguna, kr. 8.500. (RLR-mál nr. 4404/93.)

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga.

XV.

Skjalafals og fjársvik.

1. Pann 1. nóvember selt í Búnaðarbanka Íslands, Höfðaútibúi, tékka nr. 1589994 á stolnu eyðublaði úr tékkhefti við Íslandsbanka, Lækjargötu 12, að fjárhæð kr. 150.000,00, dagsettan 1.11. 1993, til handhafa, og hafði ákærði falsað nafnritun Gunnars Gunnarssonar sem útgefanda tékkans og nafnritun Sölva Sölvasonar sem framseljanda hans.
2. Pann 9. nóvember notað í staðgreiðsluviðskiptum á Hótel Borg, Póst-

hússtræti 11, tékka nr. 5523098 á eyðublaði úr tékkhefti við Búnaðarbanka Íslands, Melaútibú, að fjárhæð kr. 6.477,00, dagsettan 9.11. 1993, sem ákærði gaf út í eigin nafni til handhafa.

(RLR-mál nr. 4477/93.)

Telst liður 1 varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga og liður 2 við 248. gr. sömu laga.

XVI.

Fjársvik.

Pann 12. nóvember innritað sig á Hótel Esju, Suðurlandsbraut 2, undir nafninu Daði Þorsteinsson, dvalist þar til 15. sama mánaðar og notið þann tíma gistingar, veitinga og þjónustu á hótelinu fyrir samtals kr. 37.183,00, er ákærði yfirgaf hótelið án þess að greiða reikninginn. (RLR-mál nr. 4518/93.)

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga.

XVII.

Fjársvik.

Pann 15. nóvember innritað sig á Hótel Sögu, Hagatorgi, undir nafninu Daði Þorsteinsson og dvalist þar, uns hann var handtekinn að kvöldi næsta dags. Þennan tíma naut ákærði gistingar, veitinga og þjónustu á hótelinu fyrir samtals kr. 9.308,00, sem hann ætlaði sér aldrei að greiða. (RLR-mál nr. 4525/93.)

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga.

XVIII.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Í málinu krefjast eftirtaldir skaðabóta úr hendi ákærða:

— — —

Með skýlausri játningu ákærða, sem er í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu, er sannað, að ákærði hefur gerst sekur um það, sem honum er gefið að sök í ákæru og þar er rétt fært til refsíákvæða.

Ákærði var dæmdur 17. nóvember sl. í 1 árs fangelsi, þar af 9 mánuði skilorðsbundna í 3 ár, fyrir brot á 1. mgr. 155. gr., 244. gr., 244. gr., sbr. 20. gr., 245. gr. og 248. gr. almennra hegningarlaga. Öðrum refsingum hefur ákærði ekki sætt, svo að kunnugt sé.

Öll þau brot, sem ákærði er sakfelldur fyrir í máli þessu, eru framin fyrir uppsögu áðurgreinds dóms, og hefur ákærði því ekki rofið skilorð hans. Verður ákærða nú ákvörðuð refsing með hliðsjón af 78. gr. almennra hegningarlaga, og samkvæmt 60. gr. sömu laga, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955, ber að fella skilorðshluta dómsins inn í þá refsing, sem ákærða verður ákvörðuð í

máli þessu. Þá verður höfð hliðsjón af því, að brot ákærða eru mörg og tjón af þeim mjög mikið, sem ákærði hefur ekki bætt að neinu leyti, og einnig, að ákærði hefur sýnt mjög harðan brotavilja. Með hliðsjón af þessu öllu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 2 ár, sem ekki þykir fært að skilorðsbinda, enda er það mat dómsins, að ákærði hefði ekki hlotið skilorðsbundna refsingu í nóvember sl., ef öll þau brot, sem hann er nú sakfelldur fyrir, hefðu þá verið dæmd samtímis, en bótakröfur í þessu máli nema 1.251.865 krónum og dæmdar bótakröfur í eldra málinu námu 792.030 krónum.

Ákærði var úrskurðaður í gæsluvarðhald 17. nóvember sl. kl. 16.05 fram til 23. þ.m. kl. 16 vegna hættu á því að hann héldi áfram brotum á meðan málum hans væri ekki lokið. Rétt þykir samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga að láta þetta gæsluvarðhald, 28 daga, koma refsingu ákærða til frádráttar.

— — —

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. tl. 165. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með taldar 20.000 krónur í þóknun til skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Arnar Hjartarson, sæti fangelsi í 2 ár.

Til frádráttar refsingu ákærða skal koma 28 daga gæsluvarðhald.

— — —

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með taldar 20.000 krónur í þóknun til skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns.
